



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
Miðvikudaginn 8. desember 2010, kl. 15:15

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 1 blaðsíða.

Sveitarstjóri setti fundinn og hélt um fundarstjórn þar til formaður var kjörinn. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **Kjör formanns og varaformanns nefndarinnar.**

Fram fór leynileg kosning. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Kolfinna kjörin varaformaður. Formaður tók við fundarstjórn af sveitarstjóra.

2. **Fundargerð umhverfis og náttúruverndarnefndar 30. júní 2009.**

Fundargerð lögð fram

3. **Erindisbréf nefndarinnar. Drög að erindisbréfi lagt fram á fundinum.**

Lagt fram

4. **Samstarf um sorphirðu, erindi frá Sorpsamlagi Strandasýslu.**

Gústaf Jökull Ólafsson fór yfir umræður þær sem þegar hafa orðið á varðandi sormál í hreppnum. Ásta Sjöfn gerði tillögu um að nefndin fundaði með Sorpsamlaginu í janúar, jafnframt verða aðrir möguleikar skoðaðir. Nefndin leggur til við hreppsnefnd að stefnt verði að því að flokkun sorps hefjist í Reykhólahreppi 1. júní 2011.

5. **Staðardagská 21.**

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir ræddi um stöðuna á málunum. Ákveðið að leyta frekari upplýsinga hjá fyrri nefnd og UMÍS fyrir næsta fund.

Önnur mál: (ef einhver)

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:50

